

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,  
Skúlagötu 4,  
101 Reykjavík

Reykjavík 9. mars 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur og endurskoðun**

Orkusalan ehf., kt. 560306-1130, hefur tekið saman umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur og endurskoðun sem birtist inn á samráðsgáttinni þann 24. febrúar sl. Umsagnarfrestur var veittur til 9. mars 2020.

Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á I. kafla laga um ársreikninga, nr. 3/2006 og I. kafla laga um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019, þar sem finna má skilgreiningu á einingu tengdri almannahagsmunum. Frumvarpið er liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem miða að því að auka traust á íslensku atvinnulífi, m.a. með því að gera ríkari kröfur um gagnsæi í rekstri stærri óskráðra fyrirtækja. Þær lagabreytingar sem frumvarpið vísar til lúta fyrst og fremst að fyrirtækjum sem varða hagsmuni almennings og geta haft kerfislæg áhrif í íslensku efnahagslífi.

Verði frumvarpið að lögum munu tiltekin þjóðhagslega mikilvæg stærri félög bætast þar við á sviði sjávarútvegs, stóriðju, orkumála, fjarskipta, flugsamgangna og millilandaflutninga. Frumvarpið leitast því við að undirstrika þjóðhagslegt mikilvægi slíkra félaga og auka þær kröfur sem gerðar eru til þeirra um gagnsæi í rekstri.

Orkusalan ehf. gerir athugasemd við að félög sem tilheyri stórri samstæðu í skilningi c-liðar 33. tölul. 2. gr. skuli einnig teljast til eininga tengdra almannahagsmunum skv. frumvarpinu. Frumvarpið leiðir til þess að ýmis dótturfélög félaga sem tengd eru almannahagsmunum þurfa að fylgja sömu reglum og móðurfélögjum jafnvel þó svo að starfsemi félaganna hafi ekki verið skilgreind þjóðhagslega mikilvæg. Í tilviki Orkusölunnar er t.d. raforkuvinnsla fyriraekisins lítill hluti af heildarorkuframleiðslu landsins. Engu að síður myndi Orkusalan flokkast sem eining tengd almannahagsmunum verði frumvarpið að lögum þar sem félagið starfrækir raforkuver/virkjun samkvæmt skilgreiningu raforkulaga og er hluti af stórri samstæðu. Sú raforkuvinnsla sem Orkusalan sinnir vegna raforkukerfis landsins gerir það ekki að verkum að rétt sé að flokka félagið með þjóðhagslega mikilvægum vinnslufyrirtækjum í lögum um ársreikninga. Leiðir frumvarpið til þess að mörg félög, sem ekki hafa verið skilgreind þjóðhagslega mikilvæg eða tengd almannahagsmunum, flokkist sem eining tengd almannahagsmunum.

Telur Orkusalan það ekki samræmast framangreindu markmiði og tilgangi frumvarpsins, þ.e. að tiltekin þjóðhagslega mikilvæg stærri félög t.a.m. á sviði orkumála skuli falla undir skilgreiningu á einingu tengdri almannahagsmunum, að fella ýmis dótturfélög slíkra félaga einnig undir hugtakið án þess að nokkur greining fari fram á umfangi þeirra, raforkuvinnslu og þjóðhagslegu mikilvægi. Þá leiðir frumvarpið til óþarfa tvítekningar í tilviki dótturfélaga þar sem samstæður skila nú þegar samstæðureikningum og því óþarf að gera dótturfélögum að birta sömu upplýsingar og þegar hafa verið birtar í samstæðureikningi.

Í því samhengi þarf einnig að hafa í huga að lög um ársreikninga leggja ýmsar auknar skyldur á herðar félaga sem skilgreind eru sem einingar tengdar almannahagsmunum, s.s. skyldu til að starfrækja endurskoðunarnefnd, sbr. 108. gr. a. Eiga slík ákvæði illa við í tilviki margra dótturfélaga.

Leggur Orkusalan því til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,

f.h. Orkusölunnar ehf.



Magnús Kristjánsson, framkvæmdastjóri